



Vesturbýggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Umsókn um framkvæmdaleyfi

Umsækjandi

Vesturbýggð

Nafn framkvæmdaaðila:

Vesturbýggð

Kennitala:

510694-2369

Framkvæmd sem sótt er
leyfi fyrir:

Ofanflóðavarnir Bíldudal milli
Stekkjargils (Gilsbakkagil) og Búðargils.

Lýsing á framkvæmd, eðli, umfang og samræmi við gildandi skipulag. Áætlaður framkvæmdatími, mótvægisáðgerðir og frágangsáætlun ef við á:

Deiliskipulagssvæðið er um 12,9 ha að stærð og nær yfir snjóflóðavarnarsvæði ofan byggðar á Bíldudal. Svæðið afmarkast til suðurs af landamerkjum Litlu-Eyrar, til norðurs við mörk deiliskipulags snjóflóðavarna við Búðargil samþykkt 11.06.2008. Svæðið afmarkast til austurs af íbúðarbyggð við Dalbraut og frá þeim mörkum til vesturs upp hlíðar Bíldudalsfjalls. Fyrirhugað er að reisa ofanflóðavarnir fyrir ofan byggð á Bíldudal til að tryggja öryggi íbúa. Krapaflóð, aurskriður og grjóthrun eru þekkt úr giljum sunnan Búðargils ofan Bíldudals en þar eru tvo stór gil; Búðargil og Stekkjargil en á milli þeirra eru Klofagil, Merkigil og Innsta gil. Reistur verður 8- 14 m háar og 1000 m óvergangan ofan byggðarinnar en neðan Stekkjargil, Klofa-, Merki- og Innstagið. Jafnframt verða reistar þrjár 4,5 m háar keilur neðan Stekkjargils. Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar muni taka upphaf 3 ár en upphaf og framvinda ræðst af fjárfamlögum til verkefnisins. Við nauðsynlegar skeringar við gerð varnargarða og keila falli til 230.000 m³ en þörf fyrir efni verði um 212.000 m³. Umframefni nemir því um 20.000 m³. Gert er ráð fyrir að umframefni verði nýtt í landmótun. Við frágang er steltnt að því að umbreyta svæðinu þannig að það nýtt til útvistar með stigum og áningastöðum. Aðkomuvegir verða lagðir um svæðið vegna framkvæmdanna en hluti þeirra mun nýttast við viðhald eftir að framkvæmdum lýkur.

Síá áfast viðhengi



Vesturbýggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

Fellur framkvæmd undir mat á umhverfisáhrifum?

Já

Nei

Meðfylgjandi gögn og upplýsingar varðandi umsókn:

- Yfirlitsuppdráttur
- Afstöðumynd
- Frekari hönnunargögn
- Samþykki landeigenda, ef landeigandi er ekki umsækjandi
- Samþykki meðeigenda, ef um sameign er að ræða
- Leyfi annarra aðila ef við á

Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka, sem getur haft áhrif á lífríki vatnsins er háð leyfi Fiskistofu


Álit umsagnaraðila ef við á

Annað sem umsækjandi vill taka fram.

Staður og dagsetning.:

Patreksfjörður 05.03.2025





Höfundur: Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasvið Vesturbyggð.
Viðtakandi: Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

Vesturbyggð 5.3.2025
Málsnúmer: 2503016 GG

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi, ofanflóðavarnir á Bíldudal..

Verkið

Sótt er um leyfi vegna framkvæmda við varnarmannvirki ofan byggðar á Bíldudal í samræmi við deiliskipulag þar um.

Deiliskipulagssvæðið er um 12,9 ha að stærð og nær yfir snjóflóðavarnarsvæði ofan byggðar á Bíldudal. Svæðið afmarkast til suðurs af landamerkjum Litlu-Eyrar, til norðurs við mörk deiliskipulags snjóflóðavarna við Búðargil samþykkt 11.06.2008. Svæðið afmarkast til austurs af íbúðarbyggð við Dalbraut og frá þeim mörkum til vesturs upp hlíðar Bíldudalsfjalls.

Fyrirhugað er að reisa ofanflóðavarnir fyrir ofan byggð á Bíldudal til að tryggja öryggi íbúa. Krapaflóð, aurskriður og grjóthrun eru þekkt úr giljum sunnan Búðargils ofan Bíldudals en þar eru tvo stór gil; Búðargil og Stekkjargil en á milli þeirra eru Klofagil, Merkigil og Innsta gil. Reistur verður 8- 14 m háar og 1000 m þvergarður ofan byggðarinnar en neðan Stekkjar-, Klofa-, Merki- og Innstagils. Jafnframt verða reistar þrjár 4,5 m háar keilur neðan Stekkjargils. Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar muni taka u.p.b. 3 ár en upphaf og framvinda ræðst af fjárfamlögum til verkefnisins.

Við nauðsynlegar skeringar við gerð varnargarða og keila falli til 230.000 m³ en þörf fyrir efni verði um 212.000 m³. Umframefni nemi því um 20.000 m³. Gert er ráð fyrir að umframefni verði nýtt í landmótun.

Við frágang er stefnt að því að umbreyta svæðinu þannig að það nýttist til útvistar með stígum og áningastöðum. Aðkomuvegir verða lagðir um svæðið vegna framkvæmdanna en hluti þeirra mun nýttast við viðhald eftir að framkvæmdum lýkur.

Markmið

- Að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af fyrirhuguðum varnarvirkjum.
- Að nýta kosti mannvirkjanna til umhverfisbóta og útvistarmöguleika.
- Að skapa aðlaðandi og heildstætt útvistarsvæði við varnarvirkin.
- Að taka tillit til nálægðar við byggð.
- Að tengja skipulag útvistarsvæða við aðliggjandi byggð.
- Að tengja nýjar framkvæmdir við þau varnarvirki sem fyrir eru svo útvistarsvæðið fyrir ofan byggð fái góða heildarmynd.

Stefnt er að útboði í samræmi við útboðslýsingar á vormánuðum.

Verkið skal unnið í samræmi við gildandi íslenska staðla og reglugerðir.

Virðingarfyllst,
Geir Óestsson
Sviðstjóri umhverfis- og framkvæmdasviðs Vesturbyggðar